



Alþingi
Erindi nr. P 128/1785
komudagur. 7.5.2003

Landbúnaðarnefnd
Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 30. apríl 2003
SP/hó

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, lögum um innflutning dýra og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim
Tilv: 2003030049

Vísað er í bréf landbúnaðarnefndar Alþingis dags. 26. mars sl. þar sem leitað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Markmiðið með frumvarpinu mun vera að innleiða Evróputilskipun nr. 91/67/EBE í íslenskan rétt. Frumvarpið felur í sér þá grundvallarbreytingu frá gildandi lögum, að heimilt verður að flytja til landsins lifandi laxfisk og annan vatnafisk samkvæmt skilyrðum er sett verða í reglugerð. Jafnframt verður heimilt að nota til fiskflutninga erlenda brunnbáta, sem ekki er nú.

Að mati stjórnar Bændasamtaka Íslands er enginn vafi á því, að þessar breytingar fela í sér aukna hættu á, að fisksjúkdómar berist til landsins, sem geti valdið hér búsifjum og náttúruspjöllum. Ef hins vegar lagabreytingarnar eru óhjákvæmilegar vegna samningsskuldbindinga okkar og annarra hagsmuna, verður að leggja á það þunga áherslu, að landbúnaðarráðherra tryggi með reglugerð og yfirdýralæknir með eftirliti að ýtrustu varnir verði viðhafðar á hverjum tíma. Sérstaklega er varað við, að brunnbátar séu notaðir jöfnum höndum hérlendis og erlendis.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands

Sigurgeir Þorgeirsson